

- 214** t. Skólahjúkrunarkona skal leita fyrir mæla hlutaðeigandi skólástjóra um tilhögun  
22. jan. á störfum sínum, að svo miklu leyti sem þau kunna að valda röskun á daglegri starfsemi skólans.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1958.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius*

**215**  
25. nóv.

## AUGLÝSING

um stöðumæla í Reykjavík.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið, að gjaldskyldutími á stöðumælareitum verði á laugardögum færður til samræmis við almennan lokunartíma sölubúða, þ. e. til kl. 16, á tímabilinu október til desember ár hvert.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 25. nóvember 1958.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

**216**  
20. des.

## AUGLÝSING

um iðgjöld fyrir búfjártryggingar.

Ársiðgjöld fyrir búfjártryggingar af hverjum 100 krónum váttryggingarfjárhæðar ákveðast til bráðabirgða þannig:

Naut .....	1.6%
Kýr (heil kúabú) .....	12.0%
Kynbótahestar .....	3.9%
Hrútar .....	6.2%
Ær og gimbrar (sauðfjárhópar):	
1. Þar sem beitolönd liggja ekki að sjó .....	4.5%
2. Þar sem beitolönd liggja að sjó:	
a. Sé ekki flæðihætt .....	6.0%
b. Sé flæðihætt .....	7.5%

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 26. febrúar 1943, um búfjártryggingar, og lögum nr. 90 15. des. 1952, um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar, gildir frá 1. október 1958. Jafnframt er úr gildi fellt auglýsing um iðgjöld fyrir búfjártryggingar, útgefin 22. desember 1949.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. desember 1958.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*